

Svar við fyrirspurn Sigurðar Þ. Ragnarssonar

'Fyrirspurn bæjarfulltrúa Miðflokksins, Sigurðar Þ. Ragnarssonar:

Fyrir skömmu komu fram upplýsingar um að hlutfall réttindakennara í hafnfiskum skólum væri hvað lægst af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Aðeins Seltjarnarnes fær lakari útkomu en Hafnarfjörður.

Nú liggja fyrir nýjar upplýsingar úr starfsmannakönnun í skólum og sem fram koma í Skólavoginni, upplýsinga- og greiningakerfi fyrir sveitarfélög.

Hafnarfjarðarbær fær nokkuð lakari útkomu í heild nú en þegar starfsmannakönnunin var gerð fyrir tveimur árum og er í hópi þeirra 25% sveitarfélaga sem eru með óhagstæðustu útkomuna í 18 af 25 matspáttum. Lökust er útkoman hvað varðar vinnuaðstæður kennara, faglegan stuðning skólastjóra og valddreifingu við ákvarðanatöku. Niðurstöður kaflans um starfsumhverfi kennara eru mun lakari en fyrir tveimur árum og bærinn þar í öllum nema einum þætti í hópi þeirra 25% sveitarfélaga sem hafa hvað lakasta útkomu.

Rétt er að geta að marktækur munur er þó milli hafnfirsku skólanna. Þannig koma Áslandsskóli, Skarðshlíðarskóli og Öldutúnskóli áberandi best út úr könnuninni.

Spurningar:

- 1. Telja skólayfirvöld að bregðast þurfi sérstaklega við þessum upplýsingum umfram það sem þegar hefur verið gert?*
- 2. Ef svo er, hvernig hyggjast fræðsluyfirvöld bregðast við þessum upplýsingum til að snúa þessari þróun við?*
- 3. Telja fræðsluyfirvöld ástæðu til að bregðast skjótt við þessum niðurstöðum?*

1. Telja skólayfirvöld að bregðast þurfi sérstaklega við þessum upplýsingum umfram það sem þegar hefur verið gert?

Svar: Skrifstofa fræðslu- og frístundarþjónustu bregst við niðurstöðum strax út frá hverjum tíma. Þegar niðurstöður Skólavogarinnar lágu fyrir vorið 2018 voru þær skoðaðar sérstaklega. Sumt sem þar kom fram hefur skrifstofan brugðist við með ákveðnum aðgerðum með einstaka skólum (á skólaárinu 2017-2018) án þess að það sé tilgreint sérstaklega hér hver þau viðbrögð voru og gagnvart hvaða skólum. Varðandi þá skóla sem niðurstöður voru hvað neikvæðastar teljum við að þegar hafi ákveðnar aðgerðir verið í gangi eða voru í undirbúningi af hálfu skrifstofunnar, svo Skólavogin hafði fyrst og fremst þá áhrif að staðfesta það sem þegar hafði

verið vitað. Mikilvægt og afar brýnt er að skoða vel og greina hvaða þættir það eru hverju sinni sem leiða til þeirrar niðurstöðu sem úr verður. Skólavogin er eitt af þeim mælitækjum sem hjálpar okkur að meta hvaða þættir það eru sem má bæta.

Starfshópur sem vann að tillögum að bættum starfsaðstæðum í grunnskólum benti einnig á ýmsar leiðir og var og er sú vinna í gangi eins og til stóð. Ýmislegt hefur verið gert og margt sem fyrir liggur að gera. Mikilvægt er að skoða á hverju ári líðan og sjónarmið starfsfólks og er það gert með Skólavoginni og árlegri vinnustaðagreiningu, þeirri vinnu lýkur aldrei.


2. Ef svo er, hvernig hyggjast fræðslufirvöld bregðast við þessum upplýsingum til að snúa þessari þróun við?

Svar: Stöðugt er leitað leiða til að bæta skólastarfið í grunnskólunum, t.d. með aukinni þjónustu við nemendur, bæta starfsaðstæður starfsfólks og veita fræðslu, ráðgjöf og stuðning til skólastjórnenda. Leitast er við að taka ákvarðanir sem bæta skólastarfið og sömuleiðis að ánægja allra hagsmunaaðila aukist við það (og Skólavogin mælir). Skólastarf er flókið fyrirbæri og ræðst ekki eingöngu af ákvörðunum okkar. Við vonumst þó til þess að þær ákvarðanir sem teknar eru, nú sem endranær, leiði til þess „að snúa þessari þróun við“ svo vísað sé í orðalag spurningarinnar. Skrifstofan er stöðugt að vinna í þessum málum, hvort sem Skólavogin kemur þar við sögu eða ekki og hún er þannig góður leiðarvísir fyrir okkur og gefur frekari upplýsingar um hvað skiptir máli að beina sjónum að hverju sinni.

3. Telja fræðslufirvöld ástæðu til að bregðast skjótt við þessum niðurstöðum?

Svar: Sú vinna er nú þegar farin af stað og í raun áður en niðurstöður Skólavogarinnar lágu fyrir. Þær aðgerðir verða metnar og skoðað hvort þörf sé á að gera það enn frekar þegar ljóst verður með árangur af þegar teknum ákvörðunum.


Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla



Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundarþjónustu